



SKÚLPTÚR

Helgi Gíslason



Helgi Gíslason
f. 24. ágúst 1947.
Vogaseli 3, Reykjavík, sími 77605

Nám:
Myndlista- og handiðaskóli Íslands 1965-1969
Frjáls myndlistadeild 1969-1970.
Valands konstkola Gautaborg 1971-1976.

Einkasýningar:
Norræna húsinu 1977.
Kjarvalsstöðum 1983.

Samsýningar:
Íslensk nútímalist 1970
Valands konstkola/Konsthallen Gautaborg 1972-1976.
Marin Museet Karlskróna 1975.
Eriksberg skipasmiðastöð 1975.
Listahátíð í Reykjavík, Ásmundarsal 1978.
Haustsýning FIM 1978.
Neskaupsstað 1978.
Sumarsýning á Kjarvalsstöðum 1979.
Listahátíð í Reykjavík, Korpúlfsstöðum 1980.
Haustsýning FIM 1981.
Guy's expo Álandseyjum 1982.
Vorvaka Akureyri 1982.

Verk í opinberri eigu:
Listasafn Íslands.
Reykjavíkurborg, Minnisvarði um Sigvalda Kaldalóns.
Lista- og menningarsjóður, Neskaupsstaðar.



Forsíðumynd 105x40 cm brons. 58x30 cm brons

Tíminn, krefst sífelldrar endurskoðunar viðhorfa og gildismats á mannanna verkum.

Eg vil í verkum mínum gefa skúlptúrnum hreyfingu, sitt sjálfstæða líf, sem byggir á hinum formrænu og tilfinningalegu tengslum við manninn og verk hans, en skilur sig frá hinum ytri raunveruleika, því þekktanlega og nærtæka.

Bronsið er mér áfangi í hinni sífelldu leit myndhöggarans að efni sem samrýmist hugmynd hans, það ber í sér andstæður sínar: er í senn mjúkt og sveigjanlegt, en hefur þó hörku málsins, er létt í umfangi sínu en þungt í eðli sínu.



29x52 brons



20x24 brons

Lítið eitt um brons.

Svo telja sagnfróðir menn að brons hafi fyrst verið brætt í Mesópótamíu um 3500 f.Kr. Þessu landsvæði sem nú heyrir undir Írak réðu margar þjóðir fornaldar. Hin elsta þeirra sem sögur fer af voru Súmerar. Ekki er klárt hvort þeir fundu upp bronsgerð sjálfir eða lærðu aðferðina af forverum sínum í landinu. Óumdeilt er hinsvegar að ríki Súmera markar upphaf hámenningar og tækni sem engan samjöfnuð hefir fyrr en nú allra síðustu mannsaldra.

Veldi Súmera leið undir lok um 2000 f.Kr. En kunnátta þeirra lærðist af öðrum þjóðum, breiddist út til austurs og vesturs. Til Norðurlanda barst bronsmenning um 300 árum eftir að ríki Súmera var horfið. 2000 ár voru ekki langur tími hér áður fyrr.

Bronsgerð er fólgin í því að blanda örliðu af tini saman við kopar. Orðið kopar er dregið af nafninu Kýpur. Hann var allvíða að finna í jörðu en tin var fremur sjaldgæft. Stærstu tinnámur

bronsaldar voru á Cornwallskaga á Bretlandi. Þær var að líkindum farið að nýta um 2000 f.Kr. Tin var raunar víðar að finna í Evrópu s.s. á Spáni, Ítalíu og Bæheimi og á þessum stóðum risu upp merkileg bronsiðjusvæði um 1500 árum fyrir tímatal okkar og talsvert löngu fyrir ritunartíma. Því er sáralítið um menningu þessara svæða vitað.

Sagnfræðinga greinir á um það hvort Evrópumenn hafi lært bronsgerð af Austurlandþjóðum eða fundið hana upp sjálfir. En víst er að þeir þekktu austurlenska bronshluti, vopn og skartgrip meðan þeir voru sjálfir enn á steinaldarstigi. Kínverjar hófu ekki bronsiðju fyrr en um 600 f.Kr. Þá var járnöld rétt hafin í Evrópu — og raunar líka að byrja í Kína. Og í Ameríku gerðu menn ekki hluti úr bronsi fyrr en um þær mundir sem kristni var tekin í lög á Íslandi og þá aðeins á litlu svæði umhverfis tinnámur Bólivíu.

Vegna þess hve lítið var um efni til bronsgerðar var það fremur dýrt, nánast munaðarvara. Járn er aftur á móti algengt jarðefni og úr því smíðuðu menn

hluti til hversdagsbrúks eftir að þeir höfðu lært að vinna það. Brons var að mestu notað til vopnagerðar og skartgripa, lítið til annarra hluta og þá helst íláta.

Forngríkkir notuðu brons nær eingöngu til skrautmunagerðar. Þeir voru snillingar í listinni og flestir kunnustu bronsmunir fornaldar eru grískir eða bera sterk grísk einkenni. Svo er t.a.m. um muni þá er grafnir hafa verið úr rústum Pompei og Hérkúlaneum á Ítalíu. Þá var algengt að auðmenn prýddu hlybi síni og búsmuni með bronsskreytingum, vopn og fórnarskrín.

Pegar kaþólska kirkjan eflidist um og eftir 1000 hófst bronslist til vegs á ný eftir mikla deyfð sem varð í listum og menningu Evrópu er Rómaveldi hrundi undan þunga germönsku þjóðflutninganna. Sérilagi blómstraði skreytilistin. Eitt elsta verk slíkrar tegundar er hurð Sofíukirkju-

unnar í Konstantínópel frá 838. Kirkjuklukkur, sem a.m.k. þurfti að vera ein í hverri kirkju, voru steyptar úr bronsi, kertastjakar, róðukrossar, skírnarfontar og ýmsir aðrir helgir munir.

Á endurreisnartímanum hófst nýtt blómaskeið bronslistar, fyrst á Ítalíu náttúrliga. Við hnignandi veldi kirkjunnar og aukin áhrif borgarastéttar varð bronsskreyting og gerð margvíslegra nytjahluta úr bronsi almenn að kalla má. Á síðari öldum hefir bronsgerð þó fremur hnignað. Menn kenna það iðnbyftingunni og verksmiðjuframleiðslunni sem lagði handverkið í rúst. Í Frakklandi hefir bronsiðja þó löngum verið vinsæl og enn vinna franskir listamenn verk sín í brons þótt víðast annarsstaðar hafi hugur listamanna beinst að öðrum efnum til að vinna verk sín í.

Gísli Magnússon.

Ég vil draga fram eiginleika efnisins og láta það lúta vilja mínum, nýta mér fljótandi form málsins í deigluinni til þess að falla í þann farveg og það form sem ég ætla honum.



